

Drög að ályktun:

AFL Starfsgreinafélag mótmælir harðlega fyrirhuguðum niðurskurði á heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni og bendir á að með þeim er vegið harkalega að grunnþjónustu velferðarkerfisins og fótum kippt undan öryggi íbúa í dreifðari byggðum landsins.

AFL Starfsgreinafélag hefur frá því fjármálakerfi landsins hrundi haustið 2008 varað við afleiðingum á velferðarþjónustu samfélagsins og margoft ítrekað þá skoðun félagsins að verkalýðshreyfingin, sem hefur í áratugi leitt baráttu fyrir velferðarmálum, þurfi að koma náið að málum þegar verið er að draga úr útgjöldum, þannig að tryggt sé að jafnvægis og skynsemi sé gætt.

Því miður hefur þjóðmálaumræða síðustu missera einkennst af upphrópunum, sleggjudómum og aðgerðum án samráðs. Þegar litið er til niðurskurðaáætlana ríkisstjórnarinnar virðist sem faglegur undirbúningur hafi verið takmarkaður og samráð við heilbrigðisstofnanir og aðra hagsmunaaðila, ekkert.

Það er þungur áfellsdómur yfir ríkisstjórn sem vill kalla sig „vinstri stjórn“ að hin „drepanði“ hönd stefnubreytinga í heilbrigðisþjónustu mun leggja almannþjónustu víða um land í rúst og um leið auka svo álag á stærri sjúkrahús að vafi er hvort þau muni við rísa undir því. Hér er á ferðinni stefnumótun, algerlega án almennrar umræðu, sem komið er fram í skjóli niðurskurðar við skelfilegar aðstæður.

Biðraðir eftir matvælum, lokanir hjúkrunarheimila, fjöldauppsagnir og nauðungarsölur heimila, er dapur vitnisburður eftir tvö ár frá hruni. Þetta er vitnisburður um úrræðaleysi ríkisstjórnar, vanhæfi alþingis og marklausa þjóðmálaumræðu þar sem fáir benda á úrræði. Íslensk þjóð á annað skilið en að vera undir leiðsögn stjórnmalamanna sem eru svo rúnir trausti að fáheyrt er í lýðræðisríki.

Félagar AFLs er vel meðvitaðir um nauðsyn niðurskurðar og sparnaðar og félagsmenn AFLs sem og aðrir landsmenn hafa nú tvö ár í röð lifað við samdrátt þjónustu og sparnaðaraðgerðir í opinberum rekstri. Yfirvofandi lokanir hjúkrunardeilda og annarrar heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni eru langt umfram það sem ásættanlegt er, jafnvel við núverandi aðstæður í samfélaginu.

Stjórn AFLs lýsir einnig áhyggjum af því að í þeirri miklu umræðu sem nú er um framtíðarskipan lýðveldisins, en stefnt er að endurritun stjórnarskrár á næstu misserum, er rödd verkalýðshreyfingarinnar hljóð. Verkalýðshreyfing sem hefur átt þátt í öllum velferðarmálum í 100 ár situr nú á hliðarbekkjum og fylgist með þjóðmálaumræðu án þess að taka virkan þátt.

Það er döpur niðurstaða hinna „faglegu verkalýðshreyfingar“ án stjórnáráðs, að hreyfingin virðist ekki hafa skoðanir á mikilvægustu málaflokkum líðandi stundar eða skortir kjark til að setja þær skoðanir fram.

Á meðan hafa sjálfskipuð hagsmunasamtök og stjórnáráðamenn tekið sér vald til að vilja ráðstafa lífeyrisréttindum félagsmanna okkar og það án nokkurs umboðs. Og þessa aðila kallar ríkisvaldið að samráðsborðinu á meðan heildarsamtökum launafólks á almennum markaði er gert að fylgjast með úr fjarska.

Sömu stjórnáráðamenn og sátu við völd þegar gengi krónunnar hrapaði fyrir björg telja nú lægstu laun til skammar og kenna verkalýðshreyfingunni um. Sömu stjórnáráðamenn og snúa þurfti upp á hendurnar á til að fá bætur almannatrygginga hækkaðar – telja nú þær bætur allt of lágar. Sömu stjórnáráðamenn og sviku umsamda hækkingu persónuafsláttar um síðustu áramót telja að verkalýðshreyfingin hafi ekki staðið sig í að verja kjör þeirra lægst launuðu.

Þannig einkennist þjóðmálaumræða af skrumi og falsi á meðan fátt er gert til úrræða. Verkalýðshreyfingin á Íslandi þarf að ná vopnum sínum, verja hagsmuni sína og sinna félagsmanna og gera það með aðferðum sem duga. Það þarf að koma ráðamönnum svo og Samtökum Atvinnulífsins í skilning um að það verður engin þjóðarsátt gerð nema með aðkomu launafólks á landsbyggðinni og sú þjóðarsátt verður ekki eins auðsótt og margfrægur „Stöðugleikasáttmáli“.

AFL Starfsgreinafélag hefur haft víðtækt samráð við félagsmenn sína á síðustu vikum og jafnframt önnur stéttarfélög þar sem fiskvinnsla og útgerð er ráðandi í atvinnulífinu. Félagmenn AFLs munu ekki una því að á sama tíma og ætlast er til að þeir dragi fisk að landi og skapi útflutningsverðmæti með vinnslu sjávarafla og í áliðnaði, verði nærþjónusta lögð af.

Stjórn AFLs Starfsgreinafélags vill vekja athygli viðsemjenda og stjórnvalda á því að félagið afhenti samningsumboð sitt til Starfsgreinasambandsins með skilyrðum og að við þau skilyrði verður staðið.